

Ed.

556. Frumvarp til laga

[348. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttekið til þinglýsingar, skal þinglýsingardómari senda Bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í ökutækjaskrá.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

3. gr.

43. gr. orðist svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskyld skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar, sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsg. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

4. gr.

Orðin „og í bifreið“ í 44. gr. falli niður.

5. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskyld skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaramum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr., 5 málsg.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum réttihöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo: Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld og skip, sem ekki hafa verið skrásett.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er þinglýst skjali, er varðar skrásetta bifreið, og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta varðar breytingu á reglum um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir. Fer nú um það efni samkvæmt VI. kafla þinglýsingalaga með sama hætti og um þinglýsingu skjala, er varða skráð skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir. Skal slíku skjali þinglýst, þar sem bifreiðin er skráð. Ef skráð bifreið er flutt milli skráningarumdæma, skal senda skjöl, er hana varða til þinglýsingardómara í nýja umdæminu, en þinglýsing fer hins vegar ekki fram á ný.

Samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því, að umdæmisskráning ökutækja verði lögð niður og að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra.

Nauðsyn ber til að aðlaga ákvæði þinglýsingalaga nýjum reglum um skráningu ökutækja, ef lögfestar verða. Felur frumvarp þetta í sér breytingar að þessu leyti og er þá gert ráð fyrir því, að um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, fari eftir sömu reglum og um lausafé almennt, svo sem ákveðið er í VII. kafla þinglýsingalaga. Verður skjali þá þinglýst á heimavarnarþingi eiganda bifreiðarinnar. Flytji eigandi úr þinglýsingarumdæmi eða eigendaskipti verða að bifreið, má þinglýsing fara fram að nýju, en hún er eigi nauðsynleg.

Til að tryggja, að tiltækar séu upplýsingar um það, hvort skjali hafi verið þinglýst á bifreið, er gert ráð fyrir því, að í ökutækjaskrá Bifreiðaeftirlitsins, þar sem færðar eru upplýsingar um skráð ökutæki af öllu landinu, verði færðar upplýsingar um þinglýsingar á skjölum, er varða bifreiðir. Vegna tölvuvæðingar bifreiðaeftirlits og embætta þinglýsingardómara verður unnt að koma slíkum upplýsingum í ökutækjaskrá um leið og skjal er mótttekið til þinglýsingar. Um tilhögun tilkynninga að þessu leyti og færslu í ökutækjaskrá verði settar nánari reglur. Gert er ráð fyrir því, að í ökutækjaskrá verði einungis færðar upplýsingar um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, en ekki önnur skráð ökutæki, svo sem bifhjól, dráttarvélar, tengi- og festivagna o. fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að þegar skjal er varðar skráða bifreið er mótttekið til þinglýsingar skuli dómari senda bifreiðaeftirlitinu tilkynningu og verði þessa getið í ökutækjaskrá, samkvæmt nánari reglum þar um. Við það er miðað að þess verði einungis getið í ökutækjaskrá að skjal hafi verið mótttekið og við hvaða embætti það var, en hins vegar verði ekki færðar í skrána upplýsingar um efni skjals.

Um 2.—5. gr.

Samkvæmt gildandi þinglýsingalögum fer um þinglýsingu um skráðar bifreiðir samkvæmt reglum VI. kafla, þar sem m. a. er byggt á umdæmaskiptingu, eins og um þinglýsingu skipa minni en 5 rúmlesta. Lagt er til að um þinglýsingu þessa fari framvegis eftir reglum VII. kafla um þinglýsingu á lausafé almennt.

Um 6. og 7. gr.

Rétt þykir að halda því ákvæði um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir að eigi þurfi að þinglýsa eignarheimild heldur skuli sú eignarheimild sem fram kemur í ökutækjaskrá talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjals.

Um 8. gr.

Gildistaka er miðuð við gildistöku nýrra umferðarlaga samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga sem liggur fyrir Alþingi.

Sp. 557. Tillaga til þingsályktunar [349. mál]

um þróunarstofur landshlutanna.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kristín S. Kvaran, Stefán Benediktsson,
Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um þróunarstofur landshlutanna.

Frumvarp þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og veiti alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs.
2. Stjórnir þróunarstofa séu skipaðar fulltrúum lýðræðislega kjörinna landshlutasamtaka.
3. Þróunarstofur hafi sjálfsforræði um áætlanagerð, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegum.
4. Þróunarstofur starfi í nánnum tengslum við byggða- og áætlanadeild (núverandi Framkvæmdastofnunar) sem verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félagsmálaráðuneytisins.
5. Þróunarstofur skuli m. a.:
 - a. sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana; sé leitað til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum og það fjármagn samþykkt á fjárlögum skuli þróunarstofur bera ábyrgð á veitingu fjáris í samræmi við áætlanir;
 - b. vera sameiginlegur vettvangur þess ráðgjafarstarfs sem þegar fer fram á ýmsum sviðum;
 - c. varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka;
 - d. starfa í tengslum við landshlutastofur ríkisfyrirtækja.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var lögð fram á 106. löggjafarþingi en kom þá ekki til afgreiðslu. Hún er hluti af stefnumörkun Bandalags jafnaðarmanna á sviði byggðastefnu og **valddreifingar**.

Hér er gerð grein fyrir tillögum um skipulag þessara mála á heimaslóð og lagt til að settar verði á fót **þróunarstofur í landshlutum**.

Almenn markmið tillagnanna eru þau að staðfesta frumkvæði heimamanna við gerð byggðaáætlana, umsjá þeirra með framkvæmd áætlana og ábyrgð þeirra á vörslu og veitingu fjármuna sem varið er til byggðastefnu úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Á þennan hátt má komast út úr þeim vítahring miðsóknar og miðstýringar sem einkennt hefur framkvæmd byggðastefnu og raunar flestöll samskipti stjórnvalda í Reykjavík og heimamanna úti um landið.

Um einstaka liði í þingsályktunartillögunni má segja eftirfarandi:

Í 1. lið er lögð áhersla á hið tvíþætta hlutverk þróunarstofa að hafa forgöngu um gerð og framkvæmd byggðaáætlana annars vegar og hins vegar að vera uppspretta hugmynda, upplýsinga og víðtækrar ráðgjafar í daglegri önn atvinnulífsins í viðkomandi landshluta. Þess vegna er lagt til að þeir ráðunautar, sem þegar eru að starfi í ýmsum greinum, t. d. landbúnaði, iðnþróun, sjávarútvegi, fiskvinnslu, fiskeldi, skólamálum o. fl., hafi sameiginlegt aðsetur á stofunum.

Í 2. lið er lagt til að stjórnir stofanna endurspegli á sem lýðræðislegastan hátt vilja íbúanna á svæðinu. Slíku samkomulagi er hægt að ná innan þeirra landshlutasamtaka sem nú starfa, enda er ekki hægt að reikna með öðru en að vilji fulltrúanna í þeim standi til lýðræðislegra vinnubragða. Í þessu sambandi má jafnframt benda á hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna um almennar kosningar héraðsstjórnvalda sem mundu auðvelda lýðræðislega lausn þessara mála.

Í 3. lið þingsályktunarinnar er lögð áhersla á frumkvæði og ábyrgð heimamanna í byggðamálum. Það er augljóst að þekking á staðbundnum landkostum, atvinnulífi, hefðum og lífsháttum, er nauðsynleg undirstaða að markvissri sókn í byggðamálum. Það er jafnljóst að heimamenn eru best í stakk búnir til að fylgjast með og bera ábyrgð á því að aðgerðir í byggðamálum séu í samræmi við áætlanir.

Það er eðlilegt að aðilar heima í héraði hafi yfirsýn yfir og samræmi þær leiðir sem færar eru til að fjármagna aðgerðir til eflingar byggðar. Þar geta komið við sögu fjárveitingar frá Alþingi og sveitarfélögum, svo og fjármagn frá bönkum, fyrirtækjum og fleiri aðilum.

Í 4. lið er lagt til að þróunarstofur starfi í samvinnu við þá aðila sem sinna byggðamálum undir stjórn ríkisvaldsins. Þannig fæst eðlilegt flæði upplýsinga og tækifæri til samræmingar markmiða í víðu samhengi.

Í 5. lið er lagt til að þróunarstofur varðveiti og annist greiðslur úr iðnþróunarsjóðum sem ýmis landshlutasamtök hafa þegar sett á fót. Þar er einnig lagt til að þróunarstofur starfi með landshlutastofum ríkisfyrirtækja, s. s. Vegagerðar, Pósts og síma og Rarik, svo að dæmi séu nefnd.